



25. júlí 2024  
Tilv.: 2303149

Dreifibréf nr.: 18/2024

Til aðila á fjármálamarkaði, fjármálaráðgjafa, lífeyrissjóða sem veita lágmarkstryggingavernd, Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Landsamtaka lífeyrissjóða

**Efni:** Drög að nýjum reglum um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 3/2024 sem inniheldur drög að nýjum reglum um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

Með reglunum verða leiddar í íslenskan rétt tvær framseldar reglugerðir Evrópusambandsins á sviði sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu; annars vegar framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088, og hins vegar framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/363 frá 31. október 2022, sem bætir við og breytir áðurgreindri reglugerð. Hér er um að ræða tæknilega eftirlitsstaðla um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (*SFDR reglugerðin*). Sú reglugerð var leidd í íslenskan rétt með 1. tölul. 2. gr. laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Framangreindar reglur verða settar með stoð í 2. mgr. 8. gr. laganna.

Kveðið er á um gildissvið reglnanna í 1. gr. þeirra, en þeirri grein er ætlað að endurspeglar eins og kostur er 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25/2023.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við umræðuskjalið berist eigi síðar en 26. ágúst nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert eyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans og sendar til [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

Sigurður Guðmundsson  
lögfræðingur  
skrifstofa bankastjóra

Fullgild rafræn undirskrift

Sigurður Guðmundsson

25.07.2024 10:07

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

25.07.2024 10:52